



Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

AKUREYRARBÆR	
Mótt.:	30.07.2018
Málsnr.:	2016030150
Lykill:	01-000

Reykjavík 26. júlí 2018
Tilv.: VEL18030033/05.59.11
Tilv. yðar: 2016030150 01-000

Efni: Kröfubréf til heilbrigðisráðherra vegna reksturs öldrunarheimila á Akureyri.

Velferðarráðuneytið vísar til erindis, dags. 28. febrúar sl., þar sem komið er á framfæri kröfu af hálfu Akureyrarbæjar um að ríkið greiði bænum uppsafnað rekstrartap fyrir rekstur öldrunarheimilanna Hlíðar og Lögmannshlíðar árin 2012-2016, ásamt rekstrartapi ársins 2017, að öðrum kosti er farið fram á að ríkið yfirtaki rekstur öldrunarheimilanna þegar rammisamningur Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila fellur úr gildi í lok árs 2018.

Í fyrrgreindu erindi kemur m.a. fram að Akureyrarbær hafi aukið gjaldfærslu sína með öldrunarheimilunum á sama tíma og framlag ríkisins í formi daggjalda hafi lækkað að raungildi. Þannig hafi daggjöld ekki dugað fyrir launum árið 2016. Akureyrarbær telur sig hafa greitt inn í reksturinn á árunum 2012-2016, kr. 756.088.000 fyrir Hlíð og kr. 155.339 fyrir Lögmannshlíð, eða samtals kr. 911.427.000. Bærinn áréttar að farið hafi verið að einu og öllu að kröfulýsingu ríkisins við framkvæmd þjónustunnar, sbr. kröfulýsingu velferðarráðuneytis fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, síðast útgefin árið 2016. Ráðuneytið bendir á að einhver mistök hafi orðið í erindinu við útreikning á þeim fjárhæðum sem bærinn telur sig hafa lagt til rekstursins.

Ráðuneytið vill taka eftirfarandi fram vegna þessa:


Hjúkrunar- og dvalarheimili landsins eru rekin að langstærstum hluta fyrir fjármagn sem ríkið leggur til. Áður en rammisamningur Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila tók gildi 1. janúar 2016 voru fjárframlög til hjúkrunar- og dvalarheimila ákveðin á grundvelli sérstaks daggjaldarlíkans sem byggðist á nokkrum þáttum, þ.e. fjölda samþykktra rýma, umönnunarþörf, eins og hún var mæld samkvæmt RAI-stuðli og stærð heimilis. Daggjöldum var ætlað að standa undir kostnaði af varanlegri búsetu íbúanna og þjónustu við þá. Eftir gildistöku rammisamningsins, sem Hlíð og Lögmannshlíð sögðu sig á, breytist fjármögnunin til samræmis við ákvæði samnings.

Stjórnendum hjúkrunar- og dvalarheimila er eftirlátið að uppfylla sem best opinberar kröfur til starfseminnar með þeim fjármunum sem þeir fá til ráðstöfunar hverju sinni. Fjárhæðir sem greiddar eru til öldrunarheimilanna Hlíðar og Lögmannshlíðar eru reiknaðar út frá sömu forsendum og til annarra hjúkrunarheimila.

Ráðuneytið bendir á að Akureyrarbær tók ákvörðun um að greiða með rekstri fyrrgreindra heimila

en með því telur ráðuneytið ekki að stofnist krafa á hendur ríkinu, ráðuneytið hafnar kröfu Akureyrarbæjar um að ríkið greiði bænum uppsafnað reskrartap. Í samræmi við ákvæði rammasamningsins milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila hafa Sjúkratryggingar Íslands tekið upp viðræður við aðila samningsins um framlengingu hans. Ráðuneytið telur því ekki tímabært að fjalla um á öðrum vettvangi hvað verði um rekstur öldrunarheimila í lok árs 2018.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Guðrún Sigurjónsdóttir


Guðlín Steinsdóttir